

4. gr.

Framangreind samþykkt hreppsnefndar Skaftárhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Umhverfissráðuneytið, 29. maí 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

GJALDSKRÁ

vegna hundahalds í Skaftárhreppi árið 1995.

1. gr.

Gjald fyrir að halda hund í Skaftárhreppi, sbr. staflíð e, 1. gr. samþykktar frá 29. maí 1995 um takmörkun hundahalds í Skaftárhreppi, skal vera kr. 1.800 á árinu 1995.

2. gr.

Gjaldskrá þessi sem er samin og samþykkt af sveitarstjórn Skaftárhrepps staðfestist hér með samkvæmt 22. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að gilda árið 1995.

Umhverfissráðuneytið, 29. maí 1995.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.

AUGLÝSING

um afnám reglugerðar nr. 190/1991.

1. gr.

Reglugerð nr. 190/1991, um (9.) breytingu á reglugerð um gerð lyfseðla og ávísun lyfja, afgreiðslu þeirra og merkingu, nr. 421/1988, er hér með felld úr gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 22. maí 1995.

Ingibjörg Pálmadóttir.

Einar Magnússon.